



102. stjórnarfundur

Dagsetning	12.6.2026
Tími	14:00
Fundi lauk	15:05
Staðsetning	Flugvellir 33

Stjórnarmenn boðaðir:

Gunnlaugur Kárason, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Haukur Andreasson, Guðmann Rúnar Lúðvíksson, Guðbergur Reynisson, Eyþór Rúnar Þórarinsson slökkviliðsstjóri og Ingvi Þór Hákonarson varaslökkviliðsstjóri

Forföll:

Dagskrá fundar

1. Stjórn skiptir með sér verkum. 1
2. Prófkúruhafar. 1
3. Starfsemi Brunavarna Suðurnesja bs 1
4. Staða fjármála 1
5. Fundar og vinnuplan fyrir 2026 2
6. Önnur mál 2

Fundagerð

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Gunnlaugur Kárason tilnefndur sem formaður, Guðbergur Reynisson sem varaformaður og Haukur Andreasson sem ritari. Samþykkt.

2. Prófkúruhafar.

Farið yfir rétta skráningu varðandi stjórn og prófkúruhafar vegna Brunavarnir Suðurnesja bs. Slökkviliðsstjóra falið að fylgja eftir skráningu til skattsins

3. Starfsemi Brunavarna Suðurnesja bs

Slökkviliðsstjóri kynnir starfsemi Brunavarna Suðurnesja bs og helstu tölfræðitölur. Einnig fer slökkviliðsstjóri yfir helstu verkefni frá síðasta fundi. Útkallafjöldi sjúkraflutninga eykst örlítið milli ára en fjöldi útkalla á dælubíl heldur áfram að fjölga. Farið yfir viðbragð vegna sólmyrkva sem verður þann 12 ágúst. Búist er við miklum fjölda á Reykjanesi þann dag. Ljóst er að sjúkraflutningar og sjúkragæsla verður á höndum Brunavarna Suðurnesja.

4. Staða fjármála

Slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu fjármála og kynnir fyrir stjórn ársfjórðungsuppgjör. Staða fjármála er góð



5. Fundar og vinnuþlan fyrir 2026

Venja er að funda 3 fimmtudag hvers mánaðar. Lagt er til að næsti fundur verði 17 september.

Stökkviliðsstjóra falið að senda út fundarboð fyrir næstu fundi

6. Önnur mál

Önnur málefni lágu ekki fyrir